

No. 27/1875.

Rjettvísing

gegn

Bjarna Bjarnasyni.

Úrskurður.

Áður en dómur gengur í máli þessu fyrir yfirdóm-
inum, ber undirdómaranum að útvega vottorð sýslu-
mannsins í Skagafjarðarsýslu um, hvort ákærða, er seg-
ist hafa alið allan aldur sinn þar í sýslu, hafi verið
hegnt þar, eða hann verið ákærður fyrir nokkurt laga-
brot.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega hið umgetna
hegningarvottorð svo fljótt sem kostur er á.

Mánudaginn 22. nóvembermán.

No. 19/1875:

Guðríður Gunnlaugsdóttir

gegn

Ásgeiri Finnbogasyni.

Dómur.

Með úrskurði, upp kveðnum fyrir skiptarjetti Gull-
bringu- og Kjósarsýslu 29. júlímán. þ. á., hefur hlut-
aðeigandi skiptarjettur neitað að taka til greina kröfu
ekkjunnar Guðríðar Gunnlaugsdóttur í Deildarkoti á
Álptanesi um, að tjeður skiptarjettur taki bú bróður
hennar Sigurðar Gunnlaugssonar, er dó á Bessastöðum
16. júnímán. næst á undan, til skipta, og hefur Guð-
ríður áfrýjað úrskurði þessum til yfirdómsins með stefnu
dagsettri 24. síðast liðins mánaðar.

Þar sem krafa áfrýjandans fyrir skiptarjettinum, eins
og áður er sagt, að eins fór fram á, að skiptarjettur-
inn tæki bú Sigurðar Gunnlaugssonar til skipta, hefur

hún hjer fyrir rjettinum krafizt, að arfleiðslubrjef Sigurðar frá 4. apríl þ. á. til hennar verði álitid gilt, svo að hún samkvæmt því geti haldið þeim fjármunum með fullum eignarrjetti, er tjeð arfleiðslubrjef ánafnar henni. Þar eð krafa áfrýjandans hjer fyrir rjettinum þannig fer fram á allt annað en krafa hennar fyrir skiptarjettinum, getur enginn dómur að svo komnu gengið um hana fyrir yfirdóminum, og ber því ex officio að vísa málinu frá. Málskostnaður fyrir yfirdóminum fellur eptir þessum úrslitum málsins niður.

Því dæmist rjett að vera:

Málinu visast frá yfirdóminum. Málskostnaður fellur niður.